



Margrét Brynjarsdóttir, mezzosopran, er fædd árið 1986 og er Borgfirðingur í húð og hár.

Hún hóf tónlistarnám í Borgarnesi 5 ára gömul þar til hún fluttist til Akureyrar árið 2002 þar sem hún nam söng til ársins 2007. Aðalkennarar Margrétar hér á landi voru Dagrún Hjartardóttir, Erla Þórólfsdóttir, Sigríður Aðalsteinsdóttir og Michael Jon Clarke. 17 ára gömul fékk hún fyrst áhuga á óperuheiminum þegar hún sem nemandi við Tónlistarskólann á Akureyri var með í Töfraflautunni eftir Mozart. Síðan hefur ekki verið aftur snúið og í dag hefur Margrét einna helst áhuga á því að leggja sitt af mörkum til þróunar á óperutónlist fyrir nútíma áhorfendur.

Árið 2010 lauk Margrét BA námi í klassískum söng með hæstu einkunn hjá lektor Synnöve Dellqvist við LTU - Musikhögskolan i Piteå í Svíþjóð.

Sem útskriftarverkefni skrifaði Margrét, ásamt tónskáldinu og gítarleikaranum Gísli J. Grétarssyni, kammeróperu við söguna af Dimmalimm. Hún skrifaði bæði libretto og söng

titillutverkið og hlaut verkefnið hæstu mögulegu einkunn í LTU. Lukkaðist svo vel að farið var í tónleikaferð með óperuna um norður Svíþjóð og standa vonir til að innan fárra ára muni óperan einnig verða sýnd á Íslandi.

Á undanförunum árum hefur Margrét bæði haldið og komið fram á fjölda tónleikum, uppsetningum og upptökum sem einsöngvari. Auk óperusöngs hefur hún einnig lagt sérstaka áherslu á tónlist eftir ung, samtíma tónskáld og hefur hún á sl. 5 árum frumflutt yfir 40 lög eftir skandinavísk tónskáld. Margrét hefur einnig sótt námskeið hjá fjölda þekktra kennara og söngvara víða í skandinavíu.

Í dag er Margrét í sjálfstæðu mastersnámi í söng við LTU og starfar sem einsöngvari bæði á Íslandi og í Svíþjóð. Hún rekur einnig eigið fyrirtæki *Vocalista - music productions*, sem framleiðir og setur upp nýjar kammar- og míní- óperur sem eru samdar og fluttar af ungu og nýútskrifuðu tónlistarfólki.

Eftir tónleikaferð á Íslandi tekur við hjá Margréti veigamikilið hlutverk í óperunni *Maria De Buenos Aires* eftir Astor Piazzolla sem flutt verður víðsvegar í Svíþjóð með Piteå Kammaropera.